

77
1. nív.

REGLUGERÐ

fyrir

útibú Landsbanka Íslands.

I. KAFLI.

Skipulag og stjórn útibúsins.

1. gr.

Samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands 15. apríl 1928, 2. og 43. gr., rekur sparisjóðsdeild bankans útibú, sem annast venjulega bankastarfsemi, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð þessari, nema sérstök ákvæði verði sett um tiltekin útibú.

2. gr.

Stjórn Landsbanka Íslands er yfirstjórn útibúsins, ákveður hún umdæmi þess og verksvið og gefur starfsmönnum þess starfsreglur, sem þeim skal skylt að fara eftir í öllum greinum.

3. gr.

Stjórn útibúsins hefir útibússtjóri á hendi. Hann er skipaður af bankaráðinu með 6 mánaða uppsagnarfresti að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnarinnar. Bankaráðið setur útibússtjóranum erindisbréf. Til að skuldbinda útibúið þarf undirskrift útibússtjóra og einhvers starfsmanns útibúsins, sem bankaráðið gefur umboð til þess. Bankaráðið skipar og endurskoðanda við útibúið með 6 mánaða uppsagnarfresti og setur honum erindisbréf að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar bankans.

4. gr.

Útibúið er að öllu leyti rekið á kostnað og ábyrgð bankans, enda fær hann allar tekjur þess.

5. gr.

Ársreikningur útibúsins skal saminn og sendur bankanum endurskoðaður fyrir janúarlök ár hvert.

6. gr.

Útibússtjórinn ákveður, með samþykki framkvæmdarstjórnar bankans, hvenær útibúið er opið til afgreiðslu og birtir það almenningi. Allir

starfsmenn útbúsins, nema endurskoðandi, skulu jafnan vera viðstaddir í afgreiðslutímanum. 77
1. nóv.

7. gr.

Starfsmönnum útbúsins er skylt að vinna framyfir venjulegan starfstíma, þegar þess er þörf.

8. gr.

Starfsmennirnir mega ekki án leyfis framkvæmdarstjórnarinnar taka að sér annað launað starf eða reka atvinnu.

9. gr.

Starfsmönnum útbúsins er bannað að gerast umboðsmenn gagnvart útibúinu.

10. gr.

Allir starfsmenn útbúsins skulu undirskrifa drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samvirkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru á hendur falin, og eigi gera neinum úti í frá kunnugt um málefni útbúsins, né segja frá um viðskipti einstakra manna við það.

11. gr.

Útibússtjóri skiptir verkum milli starfsmanna útbúsins, þar sem ekki er öðruvisi ákveðið í reglugerð þessari, og hefir eftirlit með að þeir mæti reglulega í útibúinu og gæti skyldu sinnar í hvívetna. Hann hefir eftirlit með bókhaldinu og sjóðnum og ber að öllu leyti ábyrgð á rekstri útbúsins gagnvart stjórn bankans. Hann ákveður um öll útlán útbúsins innan þeirra takmarka, sem sett verða sérstaklega fyrir hvert útibú. Fyrir 15. nóvember ár hvert skal útibússtjóri hafa gert tillögu til bankastjórnarinnar um það, hve mikið starfsfé útibúið þurfi á næsta ári og skiptingu þess milli atvinnugreina.

12. gr.

Kvittanir frá útibúinu eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær, og þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er þeir fela starf sitt með samþykki útibússtjóra.

13. gr.

Allar leiðréttingar eða breytingar í bókum útbúsins skulu þannig gerðar að glöggst sjáist, hvað þar hefir staðið upphaflega.

14. gr.

Féhirðir útbúsins skal setja tryggingu fyrir því fé, sem honum er trúað fyrir, sem nemi að minnsta kosti einum fjórða af því, sem hann má hafa mest í sjóði í eigin vörzlu, eftir ákvörðun framkvæmdarstjórnar.

77 Féhirðir ber ábyrgð á þeim, sem í forföllum hans eða af öðrum ástæð-
1. nóv. um annast störfun, ef eigi er séð fyrir að varamennirnir eða aðstoðarmenn-
irnir setji tryggingu, meðan þeir gegna störfum féhirðis.

15. gr.

Á aðalpeningahirzlu útibúsins skal læsingin vera þannig gerð, að ekki verði henni lokið upp nema með tveimur lykllum, sem ekki eru eins. Hefir útibússtjórinn annan lykilinn, en féhirðir hinn, og verða þeir því ávallt tveir að vera við þegar hún er opnuð.

Þegar eitthvað er tekið úr sjóði eða í hann látið, skal það ritað í bók, sem til þess er ætluð.

Skal féhirðir rita nafn sitt undir, ef úr sjóði er tekið, en útibússtjóri, ef í hann er látið.

16. gr.

Féhirði skal fengin önnur fjárhirzla, er hann skal geyma í fé það, sem honum er fengið til daglegra þarfa, og hefir hann einn lykil eða lykila að henni.

17. gr.

Allir varalyklar skulu geymdir í hirzlum, sem tveir mismunandi lyklar ganga að, svo að aldrei geti einn maður haft aðgang að þeim.

II. KAFLI.

Dálk- eða hlaupareikningsviðskipti.

18. gr.

Hver sá, sem vill byrja dálk- eða hlaupareikningsviðskipti við útibúið, skal semja um það við útibússtjóra.

19. gr.

Sá, sem leggur inn á dálk eða hlaupareikning, fær lausa kvittun fyrir fénu, tvíritaða, ef hann óskar þess.

20. gr.

Menn geta fengið fé, sem þeir eiga inni á dálki eða í hlaupareikningi, útborgað eftir skriflegri beiðni, samkvæmt tékkávisun eða eftir símskeyti, sem svo tryggilega sé gengið frá, að sú útborgun sé hættalaus fyrir útibúið, t. d. þegar undirskrift hins rétta hlutaðeiganda hefir verið staðfest af símanum á venjulegan hátt.

21. gr.

Enginn má gefa ávísun á meira fé en hann á inni á dálki eða í hlaupareikningi, nema öðruvísi sé um samið.

77
1. nóv.

22. gr.

Útibúið selur innstæðueigendum tékkávisanabækur til afnota við ávísanir á innstæðu og fær samtímis sýnishorn af undirskrift hlutaðeiganda til samanburðar. Komi það fyrir, að fölsk ávísun sé greidd af útibúinu, ber sá skaðann sem féð á, nema um sé að kenna augljósu gáleysi útibúsins.

23. gr.

Í tékkávisun, sem gefin er út á innstæðu á dálki eða hlaupareikningi, verður fjárhæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum. Sé þessa ekki gætt, þá er útibúinu ekki skylt að útborga ávísunarupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir lægri talan.

24. gr.

Leitað skal samþykkis framkvæmdarstjórnarinnar til viðtöku á innlögum á dálk eða í hlaupareikning, sem útibússtjóri telur óvenjuleg eða varhugaverð.

25. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum útibúsins, og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikning annara manna.

III. KAFLI.

Sparisjóðsviðskipti.

26. gr.

Útibúið tekur við fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, minnst 1 kr. í senn. Þó er eigi skylt að taka við stórfé, þegar útibússtjórn álitur það óhag-anlegt fyrir útibúið.

27. gr.

Þegar innstæða nemur minnst 5 krónum, reiknast vextir af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð var lagt inn, þó eigi í minni hlutum en heilum aurum.

Vextir reiknast til 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af fjárhæðum, er nema 1000 krónum eða þar yfir, er útibúinu eigi

77 skylt að greiða vexti, þegar fjárhæðir þessar standa skemur en 2 mánuði í 1. nóv. útibúinu.

28. gr.

Af fé, sem útibúið ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, er menn óska, án uppsagnarfrests, þegar útibússtjórinn sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500—1500 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fyrirvara.

Án tveggja mánaða uppsagnarfrests er útibúinu eigi skylt að borga meira en 2500 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

29. gr.

Þegar viðskiptamaður leggur inn fé með sparisjóðskjörum í fyrsta sinn, fær hann viðskiptabók og greiðir 50 auru fyrir. Framkvæmdarstjórnin ákveður hvenær gjald þetta er greitt.

Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði, skal það um leið vera ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé án þess bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og féhirðis.

Heimilt er að stofna sérstaka deild við sparisjóðinn, þar sem taka má við innlögum og ávísá á innstæðuna, án þess viðskiptabókin sé sýnd. Skulu slík innlög og útborganir færast í viðskiptabókina þegar hún er næst sýnd í útibúinu. Viðskiptabækur við þá deild skulu greinilega bera með sér, að gefa megi út ávísanir á innstæðuna.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókari og féhirðir í viðskiptabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Það er eigi á ábyrgð útibúsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því. Um falskar ávísanir á sparisjóðsinnstæður gilda ákvæði 22. gr.

Vexti skal innfæra í viðskiptabækurnar þegar þær eru sýndar í útibúinu í fyrsta skipti eftir 14. jan. ár hvert. Útibússtjóri og gjaldkeri löggilda viðskiptabækur, eða þeir starfsmenn útibúsins, sem bankaráðið gefur umboð til þess.

30. gr.

Glatist viðskiptabók, ber eiganda að snúa sér til útibúsins, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 50. gr. laga um Landsbanka Íslands nr. 10, 15. apríl 1928. Kostnaðinn greiðir eigandinn.

31. gr.

Útibússtjóra er heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í útibúinu með sparisjóðskjörum, með 3 mánaða fyrirvara. Skal annaðhvort rita uppsögnina í viðskiptabókina eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í því

blaði, er stjórnarvalda auglýsingar skulu birtar í, og að minnsta kosti í tveim öðrum blöðum.

77
1. nóv.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem upp er sagt.

32. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn, né tekur út, í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með missiris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 31. gr., skorað á eiganda að hirða féð. Gefi hann sig ekki fram áður en fresturinn er liðinn, er viðskiptabók hans ógild, en féð, ásamt vöxtum, rennur í útibúið, þó má útibússtjóri greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára, og bankaráðið leyfir.

33. gr.

Engum verða gefnar upplýsingar um eignir annara í útibúinu, nema skylt sé að lögum.

34. gr.

Sá, er tekið hefir allt út úr viðskiptabók sinni, skal skila henni í útibúið; sé bók útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiptunum áfram.

35. gr.

Útibúinu er heimilt að taka fé til ávöxtunar eftir sérstökum samningi í hvert skipti og gefa viðtökuskirteini fyrir fénu.

IV. KAFLI.

Um kaup á víxlum o. fl.

36. gr.

Útibúinu er heimilt að kaupa og selja víxla, tékka og ávisanir, hvort sem greiðsla á að fara fram innan lands eða utan.

37. gr.

Víxlar, tékkar, ávisanir og önnur verðbréf, er útibúið kaupir, skulu vera greinilega samín, og skulu hlutaðeigendur kosta kapps um, að þau séu óblettuð, eða óflekkuð, og án leiðréttinga.

Þegar útibúið kaupir eða selur verðbréf, er hljóða um erlenda peninga, skal verð bréfanna jafnan reiknað í islenzkum peningum.

Hvert það verðbréf, er útibúið kaupir, á að vera framselt því skriflega um leið og kaupin eru afgreidd.

77

1. nóv.

38. gr.

Þegar víxill hefir verið afsagður, skal útibúið venjulega taka út stefnu í víxilmáli innan 10 daga, þegar samþykkjandi og allir ábyrgðarmenn eru búsettir í þeim kaupstað eða hreppi, er útibúið hefir aðsetur í, en ella í síðasta lagi innan 40 daga.

V. KAFLI.

Um lánveitingar.

39. gr.

Útibúinu er heimilt að veita lán gegn tryggingu með 1. og 2. veðrétti í jarðeignum, þar á meðal ræktuðum erfðafestulöndum með húsum, og húseignum með lóð í kaupstöðum, eða verzlunarstöðum.

40. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr útibúinu gegn fasteignaveði, verða þeir að fullnægja þeim skilyrðum er nú skal greina:

a. Útvega virðingargerð samkvæmt eftirfylgjandi:

Eignir þær, er setja skal að veði, skulu 2 óvillhallir menn, er hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar til þriggja ára í senn fyrir hvern hrepp eða kaupstað — og 1 til vara —, virða á kostnað lánbeiðanda. Útibúið leggur til eyðublöð fyrir virðingargerðir.

Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær, eftir beztu vitund virðingarmanna, hafa í kaupum og sölum, og skal þær virða með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, sköttum eða afgjöldum.

Í virðingargerðinni skal eignunum ítarlega og greinilega lýst, og fram tekin öll þau atriði, kostir og gallar, er áhrif geta haft á verðmætið.

Sé það jarðeign, skal tilgreina fasteignamat hennar, hve mörg kúgildi fylgi henni, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Ennfremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni, og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið, og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, skriðum, sandfoki, snjóflóði o. fl.

Þess skal getið, hver hús eru á jörðinni og hvað þau séu virt hvert um sig, og eins skal tekið fram virðingarverð jarðarinnar sjálfrar án húsa.

Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járneldstór o. fl., efni

það, er byggingarnar eru byggðar úr, og að svo miklu leyti sem unnt er, gæði þess, og ennfremur aldur bygginganna og viðhald, og ef kvaðir nokkrar eru á þeim. 77
1. nóv.

Að lokum skal í virðingargerðinni tekið fram, hve stór lóð sú sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé.

Hafi eignin gengið kaupum og sölum svo kunnugt sé, skal skýrt frá hvað gefið hefir verið fyrir hana síðast.

Til þess að hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum séu tekin að veði, útheimtis, að þau séu tryggð í váttryggingarfélagi, er framkvæmdarstjórnin tekur gilt. Váttrygging í Brunabótafélagi Íslands skal jafnan tekin gild.

Hús, sem fylgja jörðinni, verða eigi sérstaklega tekin að veði, enda þótt váttryggð séu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Sama er um hús utan kaupstaða og verzlunarstaða, sem eigi eru notuð við ábúð á jörðu, eða ræktuðum erfðafestulöndum.

- b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókum, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignarbönd liggja á eigninni og hver þau séu, svo að það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett útibúinu.
- c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi hægt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanleg eign hans.
- d. Ef um váttryggðar eignir er að ræða, afhendist útibúinu váttryggingarskirteini og
- e. kvittun fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.
- f. Sé um leigulóð að ræða, verður lóðarsamningur að fylgja láns skjölunum með áritun um, að samrit eða eftirrit sé afhent til þinglýsingar.

41. gr.

Útibúið lánar fé gegn sjálfskuldarábyrgð, er útibússtjóri álitur fullnægjandi.

42. gr.

Útibúið lánar fé gegn handveði, svo sem arðberandi áreiðanlegum verðbréfum eða öðrum þeim munum, er útibússtjóri tekur gilda og sér útibúinu fært að geyma.

Ennfremur má útibúið veita lán um stuttan tíma gegn tryggingu í váttryggðum verzlunarvörum, sem útibúinu eða trúnaðarmönnum þess eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskirteini eða geymsluskirteini, sem útibúinu er afhent og framselt.

Um sölu á handveðum sjá 57. gr. laga um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

77

1. n.óv.

Útibúið veitir einnig reikningslán með samþykki framkvæmdarstjórnarinnar og gegn þeim tryggingum, sem hún ákveður.

43. gr.

44. gr.

Útibúið má veita lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, og gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfylgjandi skilyrði eru fyrir hendi:

- a. Leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds (sýslunefndar og stjórnarráðs) til lán-tökunnar.
- b. Fjárhagsreikningur sýslunnar, sveitar- og bæjarfélagsins næsta ár á undan lánbeiðninni.
- c. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalda um það, að þeir menn, er annast um lán-tökuna, eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir hlutaðeigendur.
- d. Útskrift úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.

45. gr.

Lán gegn fasteign og handveði veitist eigi til lengri tíma en 10 ára, nema samþykki framkvæmdarstjórnarinnar komi til. Hún kveður og á um, hvernig afborgun lánsins sé greidd. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð og vátryggðum vörum veitist eigi til lengri tíma en 1 árs í senn.

46. gr.

Útibúið getur tekizt á hendur ábyrgðir um stuttan tíma samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi útibússtjóra.

47. gr.

Þeir, sem vilja fá lán úr útibúinu, skulu beiðast þess skriflega og geta þeir fengið prentuð eyðublöð undir slíkar lánbeiðnir í útibúinu. Skriflegs svars við slíkri beiðni verður ekki krafizt, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sé gerð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

48. gr.

Sérhver skuldunautur útibúsins má greiða lán það, er hann hefir fengið, allt eða nokkurn hluta þess, áður en gjalddagi sá, sem ákveðinn er í skulda-bréfinu er kominn, og fær hann þá endurgoldinn tiltölulegan hluta þeirra vaxta, er hann hefir fyrirfram greitt, af upphæð þeirri, sem hann greiðir fyrir réttan gjalddaga, en ekki hærri vexti en útibúið á þeim tíma gefur fyrir spari-sjóðsinnlög. Þó getur útibússtjórinn breytt til um vaxtagreiðsluna, ef ástæða þykir til. Vaxtaupphæðin skal nema meiru en 3 kr. til þess að endurgreiðsla á vöxtum geti komið til greina.

VI. KAFLI.

77
1. nóv.*Um kaup á verðbréfum og innheimtu.*

49. gr.

Útibúið kaupir skuldabréf ríkja og bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf og selur aftur, þegar ástæða er til.

50. gr.

Halda skal skrá yfir hin keyptu verðbréf með auðkennum, fjárhæðum og gjalddögum, og skal dagurinn tilgreindur, þegar þau eru keypt eða seld.

51. gr.

Þess skal nákvæmlega gætt, að útdregin skuldabréf eða bréf, sem sagt hefir verið upp, og áfallnir vextir séu innheimtir á réttum gjalddaga.

52. gr.

Hlutabréf má útibúið eigi kaupa nema í umboði annara.

Útibúið má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hérlandis og erlendis.

Bankaráð Landsbanka Íslands.

Jón Árnason. Metúsalem Stefánsson. Héðinn Valdimarsson.

Jóh. Jóhannesson. Magnús Jónsson.